

Skipulagsferli, samráð og kynningar



Helstu ástæður endurskoðunar Aðalskipulags Reykjavíkur 1996-2016 eru sameining Reykjavíkur og Kjalarneshrepps árið 1998 og vinna að gerð svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið en hún hófst árið 1998. Aðalskipulagið er unnið á grundvelli stefnumörkunar sem kemur fram í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Skipulagsferli, samráð og kynningar

Árið 1999

Vinnsla aðalskipulagsins hófst með formlegum hætti með ræsifundi þann 9. nóvember 1999 þar sem komu saman fulltrúar úr þáverandi skipulags- og umferðarnefnd og fulltrúar fjölmargra borgarstofnana. Á ræsifundinum var farið yfir forsendur, markmið, aðferðir og aðalskipulag sem stjórnæki.

Árið 2000



Í janúar var sent bréf til stofnana og aðila sem áður höfðu komið að gerð aðalskipulags þar sem tilkynnt var að endurskoðun aðalskipulags væri hafin og óskað eftir upplýsingum um framtíðaráform um uppbyggingu á vegum viðkomandi stofnunar eða aðila og hvort þau hefðu breyst frá gildandi aðalskipulagi.

Í janúar/mars fór fram samkeppni meðal framhaldsskólanema á öllu landinu um eitt af eftirfarandi þemum: Reykjavík í alþjóðlegu samhengi, Reykjavík á upplýsingaöld, Reykjavík, vistvæn borg og Reykjavík, hlutverk höfuðborgar. Alls bárust 19 tillögur og af þeim fjölluðu átta um höfuðborgina, sex um vistvænu borgina, fjórar um Reykjavík á upplýsingaöld og ein um Reykjavík í alþjóðlegu samhengi.

Árið 2001

Í janúar var haldinn kynningarfundur fyrir borgarstofnanir sem tóku þátt í gerð Aðalskipulags Reykjavíkur 1996-2016.

Haustið 2000 og í febrúar 2001 voru tekin viðtöl við fjölmarga aðila þar sem umræðuefnið var þróun Reykjavíkur til framtíðar og staða og hlutverk Reykjavíkur og Íslands í alþjóðavæðingunni. Viðtöl voru tekin við borgarstjóra, borgarfulltrúa, alþingismenn og ráðherra, fulltrúa atvinnulífs, launþegasamtaka og annarra samtaka og menningarstofnana.



Í júní var umræðutillaga aðalskipulagsins kynnt í umhverfis- og heilbrigðisnefnd, samgöngunefnd, hafnarstjórn, samstarfsráði Kjalarness og borgarráði, hagsmunaaðilum á Ártúnshöfða og í Gufunesi og haldinn var opinn fundur í Ráðhúsi Reykjavíkur um tillöguna. Í júlí var þéttbylisuppráttur umræðutilloggunnar til sýnis á upplýsingastöndum og biðskýlum strætisvagna. Í júlí og ágúst var umræðutillagan kynnt ýmsum aðilum, svo sem Kirkjugörðum Reykjavíkur og Fræðsluráði Reykjavíkur. Í september var tillagan á sýningunni Heimilið í Laugardalshöll.

Í nóvember var tillaga að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 kynnt í skipulags- og byggingarnefnd, umhverfis- og heilbrigðisráði, samgöngunefnd, fjallað um hana í hafnarstjórn og lögð fram í borgarráði. Fyrri umræða í borgarstjórn um tillöguna fór fram í borgarstjórn 15. nóvember og þann 19. nóvember var haldinn opinn fundur í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem tillagan var kynnt. Fundurinn var auglýstur í Morgunblaðinu, DV, Fréttablaði og í útvarpi í samlesnum auglýsingum. Dreifibréf var sent út eftir póstlista borgarinnar. Efni aðalskipulagstillloggunnar var



til sýnis í Ráðhúsi Reykjavíkur 19.-21. nóvember, í Kringlunni 22. nóvember til 2. desember og í Borgarbókasafni við Grófartorg 3.-21. desember. Í nóvember var kynningar- og sýningarefni og tillaga að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, greinargerð, þéttbýlisuppráttur og sveitarfélagsuppráttur sett á heimasíðu Borgarskipulags auk skýringarblaða.

Í nóvember var tillagan send til þeirra opinberu aðila sem skilgreindir eru í skipulagsreglugerð um að samráð skuli haft við, svo sem Flugmálastjórnar, Vegagerðar og Náttúruverndar ríkisins.

Þann 20. desember var tillaga að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 tekin til síðari umræðu í borgarstjórn þar sem var samþykkt að auglýsa tillöguna.

Árið 2002



Tillaga að aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 var auglýst þann 23. janúar 2002 í Lögbirtingablaðinu í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og þann sama dag í Morgunblaðinu, DV og Fréttablaðinu. Tillagan lá frammi á sjö stöðum í borginni til og með 6. mars 2002; kynningarsal skipulags- og byggingarsviðs að Borgartúni 3, Ráðhúsi Reykjavíkur, Borgarbókasafni við Grófartorg, Þjóðarbókhöðdu, Gerðubergi, Miðgarði í Grafarvogi og í íþróttahúsi Kjalarness. Þéttbýlisuppráttur var jafnframt til sýnis á upplýsingastöndum Reykjavíkurborgar 28. janúar til 16. febrúar.

Dagana 27. febrúar til og með 3. mars var tillaga að aðalskipulaginu kynnt á sýningunni Construct North. Hönnun, tækni og mannvirkjagerð á norðurslóðum í Laugardalshöll.

Heilsíðuauglýsing um tillögu að aðalskipulaginu birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 2. mars þar sem meðal annars var greint frá skilafresti til þess að skila inn athugasemdum við tillöguna.

Alls bárust um 1.500 athugasemdir við tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, þar af skrifuðu tæplega 1.200 á undirskriftalista gegn flutningi flugvallar úr Vatnsmýrinni og um 280 á undirskriftalista þar sem landfyllingu við Eiðsgranda/Ánanaust var mótmælt.

Tillaga að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 var afgreidd frá skipulags- og byggingarnefnd þann 10. apríl 2002, borgarráði 16. apríl 2002 og samþykkt í borgarstjórn þann 18. apríl 2002. Tillagan var send Skipulagsstofnun þann 24. apríl 2002 með bréfi þar sem farið var fram á að stofnunin mæli með staðfestingu á tillögunni við umhverfisráðherra. Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda. Við gildistöku Aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024 falla Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016 og Aðalskipulag Kjalarneshrepps 1990-2010 úr gildi.

Helstu stefnumið sett fram í tillögu að Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 lúta að því að nýta land og grunnkerfi borgarinnar á sem hagkvæmasta hátt, stuðla að öflugu atvinnulífi, gæðum byggðar og skilvirku og öruggu sam-göngukerfi. Leiðarljós við setningu stefnumiða er sjálfbær þróun.